

Ed.

6. Frumvarp til laga

[6. mál]

um lífeyrissjóð bænda.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

I. KAFLI

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Lífeyrissjóður bænda og starfar með því markmiði, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 2. málsg. allir bændur á lögbylum, sem þar eiga lögheimili og náð hafa 20 ára aldri fyrir lok næsta almanaksárs á undan, þar með taldir aðilar að félagsbúum. Séu hjón bæði talin bændur, skal aðeins annað þeirra talið sjóðfélagi, og sama á við um sambúðarfólk.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á lögbylum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn á lögbylum, sem ráðnir eru til eins árs eða lengur, enda komi beiðni um slíkt frá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

Elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins teljast sjóðfélagar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Einn skal skipaður af landbúnaðarráðherra, einn af þeim ráðherra, sem fer með málefni lífeyrissjóða, einn af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og einn af stjórn Stéttarsambands bænda. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn. Skal annar tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda sam-

eiginlega, en hinn af þeim ráðherra, sem fer með málefni lífeyrissjóða. Verði ekki samkomulag milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um skipun endurskoðanda, skal hann tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Stjórn sjóðsins skal sjá um reikningshald hans og annan rekstur. Heimilt er henni að semja við Búnaðarbanka Íslands eða aðra aðila um, að þeir annist reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir sjóðinn gegn umsaminni þóknun, og enn fremur er henni heimilt að ráða umboðsmenn fyrir sjóðinn, þó eigi fleiri en einn í hverju sýslufélagi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtuu fjár hans með það fyrir augum, að féð ávaxtist vel og á tryggilegan hátt.

Stofnlánadeild landbúnaðarins á rétt á lánunum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans. Heimilt er sjóðsstjórn að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni.

Heimilt er og sjóðsstjórninni í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins að lána fé til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa o. fl. stofnana, er starfa á vegum sjóðfélaga, enda séu skuldabréfin tryggð með ríkisábyrgð, veði í fasteignum eða öðrum tryggilegum hætti.

Lausafé sjóðsins skal ávaxtað í Búnaðarbanka Íslands og útibúum hans. Þó er sjóðsstjórn heimilt að víkja frá þessu í þeim byggðarlögum, er Búnaðarbankinn hefur ekki útibú í, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Í reglugerð skal nánar kveðið á um fasteignaveð og aðrar tryggingar, sem krafizt skal við lánveitingar og verðbréfa kaup.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal eigi sjaldnar en fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans. Þyki honum rannsókn sú leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til sjóðsstjórnar um aðgerðir til að efla hann.

Nú hrökkva árlegar tekjur sjóðsins ekki fyrir ársútgjöldum hans, og er þá Stofnlánadeild landbúnaðarins skylt að leggja fram óafturkræft fé fyrir því, sem á vantar, þar til úr verður bætt samkvæmt ákvæðum 1. málsg. þessarar greinar.

7. gr.

Iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrirfram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr., í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og við álagningu hans skal farið eftir sömu reglum og gjalda um búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvigðri sambúð, sbr. 21. gr., skulu ekki greiða herra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grundvallarlaunum samkvæmt 8. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald af allt að grundvallarlaunum. Hámark þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsg. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur.

Í reglugerð skal ákveða iðgjöld og framlög af tekjum af eggjatöku, fuglatekju, dún, selveiði, grásleppuveiði, lax- og silungsveiði og reka. Skal við það miðað, að iðgjald samkvæmt 1. málsg. nemi 4%, en framlag samkvæmt 3. málsg. 6% af þeim hluta þessara tekna, sem talinn er vinnutekjur. Aldrei skal þó reikna iðgjald af veiðileigu.

Nú hefur bóndi atvinnutekjur af öðru en búvöruframleiðslu og greiðir ekki af þeim iðgjöld til lífeyrissjóðs, og skal honum þá heimilt að greiða af slíkum tekjum iðgjöld til þessa sjóðs, en ekki mega þó heildariðgjaldagreiðslur fara fram úr mörkum þeim, sem tilgreind eru í 2. málsg. Iðgjöld skulu vera 10% af tryggðum tekjum, og teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Iðgjöld af launþegum, sem eru sjóðfélagar samkvæmt 3. málsg. 2. gr., skulu vera 10% af umsömdum föstum launum með þeim takmörkunum, sem nefndar eru í 2. málsg. þessarar greinar. Teljast 4% vera iðgjöld sjóðfélaga, en 6% framlag vinnuveitanda.

Þeir aðilar, sem taka búvörur bænda til sölumeðferðar, svo sem mjólkurbú, sláturhús og verzlánir, skulu innheimta iðgjöld og framlög samkvæmt 1. og 3. málsg. eftir fyrirmælum sjóðsstjórnar, gera skil á þeim til sjóðsins og sundurliða jafnframt eftir sjóðfélögum iðgjaldagreiðslur samkvæmt 1. málsg. Nú innheimtist herra iðgjald samkvæmt 1. málsg. en greiða ber, sbr. 2. málsg., og fer þá um endurgreiðslu eftir ákvæðum 2. málsg. 14. gr. Gjald dagar iðgjalda og framlaga skulu ákveðnir í reglugerð, og heimilt er þar að kveða á um dráttarvexti frá gjalddaga, ef skil eru ekki gerð innan 30 daga frá gjalddaga.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

8. gr.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Grundvöllur stigaútreiknings hvert almanaksár skal vera samanlagt dagvinnukaup bónda og húsfreyju samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan að viðbættum 10%, og nefnist fjárhæð þessi grundvallarlaun ársins. Verði útreikningur verðlagsgrundvallar lagður niður eða svo veigamiklar breytingar gerðar á honum, að hann verði að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði að þessu leyti, skal ráðherra að fengnum tillögum frá sjóðsstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll fyrir stigaútreikning.

Stig hvers árs reiknast þannig, að deilt skal með grundvallarlaunum ársins í 25-föld iðgjöld sjóðfélaga, ef hann hefur greitt iðgjöld af grundvallarlaunum eða lægri fjárhæð, en ella í 25-föld iðgjöld af grundvallarlaunum að viðbættum 10-földum þeim iðgjöldum, sem umfram eru.

Bóndi, sem greitt hefur iðgjöld af lægri fjárhæð en grundvallarlaunum og sannar, að hann hafi einvörðungu haft atvinnutekjur af búvöruframleiðslu, á rétt á, að stig hans séu reiknuð þannig, að deilt sé með grundvallarlaunum ársins í 35-föld iðgjöld, ef hann hefur greitt iðgjöld af hálfum grundvallarlaunum eða lægri fjárhæð, en ella í 35-föld iðgjöld af hálfum grundvallarlaunum að viðbættum 15-földum þeim iðgjöldum, sem umfram eru. Heimilt er sjóðsstjórn að beita sömu reglu, ef sjóðfélagi hefur að mestu leyti atvinnutekjur sínar af búvöruframleiðslu. Stjórn sjóðsins setur reglur um, hvernig umsóknum um stigaútreikning samkvæmt þessari málsgrein skuli hagað, en aldrei má beita þessari aðferð lengra aftur í tímann en þrjú ár, reiknuð frá byrjun þess almanaksárs, er umsókn berst.

Séu iðgjaldagreiðsluár fleiri en 30, skal aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangs verða.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma, eftir að taka ellilífeyris er hafin.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

9. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur, öðlzt hefur samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 8. gr. og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1.8.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0.4% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

10. gr.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins undanfarandi 18 mánuði, á rétt á örorkulífeyri, ef hann verður fyrir orkutapi til langframa, er trúnaðarlæknir sjóðsins metur 40% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að stunda landbúnaðarstörf. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri, meðan hann heldur óskertum þeim tekjum, er hann hafði áður, og aldrei skal örorkulífeyrir verða hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem hann hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 9. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs miðað við meðaltal stiga hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðsstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða slæms árfæðis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann. Aldrei skal miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. málsg.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorka óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðum örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár nái þeim mörkum, sem af 2. málsg. 7. gr. leiðir.

11. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans undanfarandi 18 mánuði, og á þá maki, sem hann lætur eftir sig, rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn eftirlifandi maki verið orðinn 35 ára að aldri við fráfall sjóðfélagens, hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

Láti sjóðfélagi eftir sig barn innan 18 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir þó veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðing átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagens, áður en hann missti starfsorku sína og a. m. k. einu ári áður en hann lézt. Enn fremur skal makalífeyrir veittur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og maka hans, ef trúnaðarlæknir sjóðsins telur makann vanta 50% eða meira á fulla starfsorku.

Sambúð karls og konu, sem bæði eru ógift, veitir sama rétt og hjúskapur samkvæmt 1. og 2. málsg., enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins

verið fullnægt. Það skal enn fremur vera skilyrði fyrir lífeyrisrétti samkvæmt 2. málsgr., að tilkynning um sambúð hafi borizt sjóðnum eigi síðar en einu ári fyrir andlát sjóðfélaga.

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksár áður en taka hans hefst, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stiga-fjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0.9. Auk áunninna stiga skal telja með þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 10. gr., en þó skal aldrei miða meðaltal stiga við fleiri almanaksár en þau, sem sjóðfélaginn hefur greitt iðgjöld. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, í samræmi við ákvæði síðustu málsgr. 10. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfall hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókominna tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

12. gr.

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum elli- eða örorkulífeyris undanfarandi 6 mánuði, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagens börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samantlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga, en þó skal lífeyrir úr sjóðnum í slíku tilviki aldrei vera lægri en verða mundi, ef foreldri eða kjörforeldri sæi um framfærslu barnsins.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og orkutap hans er metið.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

13. gr.

Nú hættir bóndi búskap vegna veikinda, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi, meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Sama gildir, ef launagreiðslur til sjóðfélaga, sem er launþegi, falla niður vegna veikinda.

Hætti sjóðfélagi búskap eða láti af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, af öðrum ástæðum en veikindum, telst hann ekki lengur til sjóðfélaga, og sama gildir, ef iðgjaldagreiðslur vegna launþega falla niður í meira en 6 mánuði samfleytt. Skulu þá áunnin stig geymd, nema krafizt sé endurgreiðslu iðgjalda samkvæmt 14. gr. Eigi endurgreiðsla sér ekki stað og hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins í 5 almanaksár eða lengur og öðlazzt samanlagt a. m. k. 3 stig samkvæmt 8. gr., fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt sjóðfélaginn hverfi úr sjóðnum, en miðast einungis við áunnin geymd stig.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af starfi því, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreiðd

iðgjöld þau, sem hann telst sjálfur hafa greitt til sjóðsins (4% iðgjöld), með almennum innlánsvöxtum Landsbanka Íslands, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma. Það er skilyrði fyrir slíkri endurgreiðslu, að hlutaðeigandi sjóðfélaga hafi ekki borið að greiða iðgjöld til sjóðsins næstu 6 mánuði, áður en endurgreiðsla á sér stað, og hafi ekki áunnið sér réttindi, er nemi fullum 5 stigum, sbr. 8. gr.

Áf iðgjöldum, sem sjóðnum eru greidd vegna manna, sem ekki eru sjóðfélagar, og sjóðfélaga, sem hafið hafa töku ellilífeyris, skal hann endurgreiða þann hluta, sem sjóðfélaginn hefur sjálfur greitt, enda komi krafa þar um innan þriggja ára frá lokum iðgjaldagreiðsluárs. Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umframt þau mörk, sem tilgreind eru í 2. málsg. 7. gr., endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

15. gr.

Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með 4% vöxtum p. a. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til, eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal enn fremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og segir í lögum þessum.

Fé, sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki viðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings hans, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrun sjóði til þessa sjóðs.

16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutninga o. fl. Í slíkum samningum má vikja frá biðtíma- og bótaákvæðum laga þessara í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Slíkir samningar eru þó því aðeins bindandi fyrir sjóðinn, að þeir hljóti staðfestingu ráðherra þess, sem fer með málefni lífeyrissjóða.

II. KAFLI

17. gr.

Bændum á lögbylum, sem þar eiga lögheimili og orðnir voru 55 ára 31. desember 1969, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 18. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- a. hafi náð 70 ára aldri og látið af búskap,
- b. hafi verið bændur á lögbylum í árslok 1967 og átt þar lögheimili,
- c. hafi áunnið sér réttindatíma samkvæmt 3. málsg.

Nú fellur bóndi, sem uppfyllt hefur skilyrði 1. málsg., frá eftir 31. desember 1969, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 18. gr., enda hafi hinn látni áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 3. málsg., og fullnægt sé skilyrðum 1. málsg. 11. gr. um aldur og hjúskapartíma. Sambúð, sbr. 3. málsg. 11. gr., veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbyli og átt þar lögheimili. Haldi maður áfram búskap eftir 70 ára aldur, reiknast sá tími einnig til réttindatíma, þó eigi fram yfir 75 ára aldur.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili, ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu.

18. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 17. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 3. málsg. 17. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við meðaltal grundvallarlauna, sbr. 2. málsg. 8. gr., næstu 5 almanaksár, áður en taka lífeyris hefist, og sama gildir um ellilífeyri, ef skilyrðum 2. málsg. 17. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal ellilífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Skal lífeyrir vera eftirfarandi hundraðshluti nefndra tekna:

Réttindatími	Ellilífeyrir	Makalífeyrir
5 ár	—	10%
6 —	—	11%
7 —	—	12%
8 —	—	13%
9 —	—	14%
10 —	12.5%	15%
11 —	14.0%	16%
12 —	15.5%	17%
13 —	17.0%	18%
14 —	18.5%	19%
15 —	20.0%	20%
16 —	22.0%	21%
17 —	24.0%	22%
18 —	26.0%	23%
19 —	28.0%	24%
20 —	30.0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir ekki rétt til ellilífeyris samkvæmt 17. gr.

Lífeyrir samkvæmt 9. og 11. gr. kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt þessari grein, og telst frestun á töku lífeyris samkvæmt 9. gr. lokið, um leið og greiðslur samkvæmt þessari grein hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr., telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt þessari grein að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt grein þessari. Hafi hlutaðeigandi eftir árslok 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar, hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignaskipulagi skuli metin til frádráttar. Til frádráttar koma enn fremur lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, svo og eftirlaunagreiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga.

Lífeyrir samkvæmt þessari grein skerðist, ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu, er nema $\frac{1}{12}$ grundvallarlauna eða meira á almanaksári, sbr. 2. málsg. 8. gr., og skal þá skerða lífeyrinn um $\frac{1}{12}$ fyrir hvern $\frac{1}{12}$ hluta grundvallarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en $\frac{3}{4}$, skal hann felldur niður með öllu.

19. gr.

Til ársloka 1985 skal fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 18. gr. greitt að $\frac{2}{5}$ af Stofnlánadeild landbúnaðarins og að $\frac{3}{5}$ úr rikissjóði. Frá 1. janúar 1986 skal Lífeyrissjóður bænda standa undir lífeyrisgreiðslum þessum.

20. gr.

Þeir bændur, sem telja sig eiga rétt til lífeyris skv. 18. gr., skulu senda stjórn sjóðsins umsókn um hann og láta í té allar upplýsingar, er sjóðsstjórnin telur sig þurfa að fá. Jafnframt skulu stjórnir búnaðarfélaganna senda sjóðsstjórn skrá um þá, sem þær telja, að eigi rétt til slíks lífeyris. Stjórn sjóðsins úrskurðar lífeyri samkvæmt 18. gr.

III. KAFLI

21. gr.

Skylt er sjóðfélaga að tilkynna þegar stjórn sjóðsins skriflega, ef hann gengur í hjónaband eða skilur við maka sinn. Getur sjóðsstjórn krafizt dráttarvaxta samkvæmt ákvæðum 7. málgr. 7. gr., ef iðgjöld hafa ekki verið innheimt sökum þess, að tilkynning um hjúskap hefur ekki borizt henni. Skilnaður að borði og sæng telst samkvæmt lögum þessum jafngilda lögskilnaði.

Óvígð sambúð, sbr. 2. málgr. 7. gr., 3. málgr. 11. gr. og 2. málgr. 17. gr., reiknast ekki samkvæmt lögum þessum fyrir tíma, áður en skrifleg tilkynning sjóðfélaga um hana berst stjórn sjóðsins, og skylt er sjóðfélaga að tilkynna á sama hátt, ef sambúð er slitið.

Við slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar skal áunnum stigum sjóðfélaga þau ár, sem hann hefur verið í hjónabandi eða sambúð, skipt að jöfnu.

22. gr.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þau mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Lífeyrisgreiðslur samkvæmt 18. gr. skulu þó fyrst eiga sér stað fyrir janúarmánuð 1971 til þeirra bænda, sem þá hafa öðlazzt rétt til þeirra.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða lífeyri sjaldnar en mánaðarlega, en þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

23. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær lögghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

24. gr.

Um skipulag sjóðsins og starfsemi má kveða nánar á í reglugerð, er ráðherra sá, sem fer með málefni lífeyrissjóða, setur að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1971.

Ákvæði til bráðabirgða.

Árið 1971 skulu iðgjöld og framlög til sjóðsins vera $\frac{1}{4}$ þess, sem í 7. gr. segir, helmingur árið 1972 og $\frac{3}{4}$ árið 1973. Frá 1. janúar 1974 skulu þau vera eins og segir í 7. gr.

Við úrskurðun makalífeyris samkvæmt 18. gr. skal þrátt fyrir ákvæði 2. málgr. 21. gr. taka tillit til óvígðrar sambúðar, sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1970, enda berist stjórn sjóðsins skrifleg tilkynning frá hlutaðeigandi bónda eigi síðar en 30. júní 1971, þar sem tilgreint sé, hve lengi sambúð hefur staðið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta Alþingi en varð ekki útrætt, og vísast til greinargerðar, sem þá fylgdi frumvarpinu, sbr. 233. mál, þingskjal 730.